

Ef uppvíst verður um óskráðan hund, skal eiganda hans gert að greiða árgjald til bæjarsjóðs, að viðbætti sekt, er getur numið allt að sömu upphæð og árgjaldið.

5. gr.

Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjóra án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir varðandi hundahald í Siglufirði, sem fara kunna í bága við samþykkt þessa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1980.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

*Ingimar Sigurðsson.***REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 24 000 (240 ný krónur), en endurnýjunarverð í hverjum flokki er kr. 2 000 (20 ný krónur).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 414 11. október 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1980.

Friðjón Þórðarson.

*Ólafur W. Stefánsson.***AUGLÝSING**

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands hf., Akureyri, leyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 22. október 1980 til 31. desember 1984: